

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2007 er sem hér segir:

Sorphirðugjald, íbúðir, losað vikulega	kr. 10.000
Sorphirðugjald, íbúðir, losað á tveggja vikna fresti	kr. 6.000
Sorpeyðingargjald, íbúðir	kr. 7.500
Sorpeyðingargjald, hesthús í þéttbýli og búrekstur	kr. 7.500
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir	kr. 7.200

Sorphirðugjöld fyrirtækja reiknast skv. áætluðu magni.

Sorpeyðingargjöld fyrirtækja reiknast skv. áætluðu magni.

Sorphirðu-/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskránni fyrir heimilissorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 13. desember 2006, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum.

Hvammstanga, 20. febrúar 2007.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. febrúar 2007